

Föstudaginn 24. febrúar 1989.

Nr. 80/1987.

Ásmundur Leifsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði leigubilstjóra

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnumbirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara krefst hann þess að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti aðallega krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann þess að sér verði dæmdar aðrar lægri fjárhæðir, en í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann niðurfellingar málskostnaðar.

Hinn 20. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist þá stefndi þess að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið og málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því að lögmæt birting héraðsdómsstefnu hafi ekki átt sér stað. Þá er krafan einnig á því byggð að málið sé verulega vanreifað af hálfu stefnda. Stefndi telur að birting héraðsdómsstefnu sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá telur hann að málið sé reifað á fullnægjandi hátt.

Áfrýjandi býr í fjölbýlishúsi að Skeljagrandu 4, Reykjavík. Í húsi þessu eru 15 íbúðir. Í birtingarvottorði héraðsdómsstefnu segir að stefnan hafi verið birt „fyrir Kristínu Ólafsdóttur á heimili hennar Skeljagrandu 4“. Í vottorðinu eru ekki sögð frekari deili á Kristínu

Ólafsdóttur og ekki er þess getið hvar í húsinu íbúð hennar er. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, sem skilja verður svo að engin kona að nafni Kristín Ólafsdóttir hafi verið skráð með lögheimili að Skeljagranda 4.

Í vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Reykjavíkur 23. október 1987, kom fram að áfrýjandi kannaðist ekki við Kristínu Ólafsdóttur sem íbúa að Skeljagranda 4, og kvaðst hann ekki hafa fengið vitneskju um málshöfðunina fyrir en hann fékk endurrit héraðsdómsins í póstkassa sinn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið að fram sé komið að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Lífeyrissjóður leigubílstjóra, greiði áfrýjanda, Ásmundi Leifssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri þann 13. nóvember 1986 af Lífeyrissjóði leigubílstjóra, Fellsmúla 24-26, Reykjavík, nnr. 6088-8744, gegn Ásmundi Leifssyni, Skeljagranda 4, Reykjavík, nnr. 0740-6185, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 110.263,08 með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 103.763,08 frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 og þá af kr. 105.063,08 frá 1. maí 1986 og þá af kr. 106.363,08 til 1. júní 1986 og þá af krónum 107.663,08 til 1. júlí 1986 og þá af kr. 108.963,08 til 1. ágúst 1986 og þá af kr. 110.263,08 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkv. taxa LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðs leigubílstjóra fyrir tímabilið frá 1. janúar 1981 til 1. júlí 1986. Aðild

að lífeyrissjóðnum sé skylda fyrir sjálfseignaleigu- og sendibifreiðastjóra eftir gildistöku laga nr. 55/1980, en þau hafi tekið gildi þann 9. júní 1980. Stefnandi kveður iðgjöld til sjóðsins vera reiknuð af þeim ökutaxta sem í gildi sé á hverjum tíma. Ökutaxti leigubifreiðastjóra sé samansettur af ýmsum kostnaðarliðum sem viðurkenndir séu nauðsynlegir við rekstur bifreiðar. Einn þeirra liða sem viðurkenningar njóti séu laun bifreiðastjórans. Launin séu þannig fundin út að tekið sé mið af launum bifreiðastjóra í hæsta launaflokki innan Verkamannasambands Íslands, síðan sé bætt við 12% álagi. Þetta 12% álag sé hugsað sem greiðsla frá viðskiptavini og launagreiðanda leigubílstjórans á atvinnurekendagreiðslu í lífeyrissjóð, 6%, sjúkrasjóðsgjaldi 1%, félagsgjaldi frá atvinnurekanda 1%, orlofsheimilis-sjóðsgjaldi 0,25% og ýmsu öðru 3,75%. Atvinnubílstjóri taki því á móti 6% atvinnurekendagjaldi til lífeyrissjóðsins frá launagreiðandanum. Sjálfur eigi bifreiðastjórinn síðan að greiða 4% af sínum launum. Í reglugerð sjóðsins sé gert ráð fyrir að veittur sé 30% afsláttur af þessari útreiknuðu tölu sem lágmarksgjaldi til sjóðsins. Sjóðurinn reikni mánaðarlega út skv. framansögðu iðgjöld til sjóðsins. Stefnandi kveður að samtals sé iðgjaldaskuld stefnda frá 1. janúar 1981 til 1. júlí 1986 kr. 51.135,00 auk uppsafnaðra vaxta kr. 59.128,08. Þar séu reiknaðir hæstu leyfilegir dráttarvextir skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og vöxtum bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi til laga nr. 55/1980 og vísar í úrskurð fjármálaráðuneytisins þann 22. júní 1983.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 12.400,00.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Ásmundur Leifsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði leigubílstjóra, kr. 110.263,08 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði af kr. 103.763,08 frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, en af kr. 105.063,08 frá þeim degi til 1. maí 1986, en af kr. 106.363,08 frá þeim degi til 1. júní 1986, en af kr. 107.663,08 frá þeim degi til 1. júlí 1986, en af kr. 108.963,08 frá þeim degi til 1. ágúst 1986, en af kr. 110.263,08 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.